

Ár 2011, þriðjudaginn 28. júní, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Svanhildi Kaaber, Huldu Árnadóttur og Jónasi Þór Guðmundssyni.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun forstjóra Fangelsismálastofnunar

I.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni ráðsins meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana. Fangelsismálastofnun er ríkisstofnun samkvæmt lögum nr. 49/2005. Heyrir því undir kjararáð að ákveða forstjóra hennar laun.

II.

Kjararáði barst bréf dagsett 15. mars 2011 frá forstjóra Fangelsismálastofnunar þar sem gerð er grein fyrir verulegum breytingum sem orðið hafa á starfi hans á undanförunum árum. Í ljósi þeirra óskaði forstórinn endurmats á launakjörum sínum.

Í bréfinu kemur fram að á undanförunum árum hafi starf forstjórans breyst verulega og þyngst vegna erfiðari skjólstæðinga auk þess sem ný verkefni hafi bæst við. Fram kemur að starfsmönnum stofnunarinnar hafi fjölgað um 14% frá árinu 2008 og séu nú 114 talsins. Þá hafi fangelsin á Kvíabryggju og Akureyri verið endurnýjuð og stækkuð og nýtt fangelsi, Bitra, tekið í notkun árið 2010. Föngum í fangelsum ríkisins hafi þannig fjölgað úr 120 á dag í 152 eða um 27%. Þá segir í bréfinu að vegna skorts á fangelsisrymum hafi verið tekin ákvörðun um að tvímenna í ákveðna klefa fangelsa ríkisins þannig að nýting hafi verið um og yfir 100% frá árinu 2008.

Einnig kemur fram í bréfinu að nú sé með lögum gert ráð fyrir að tekið verði upp nýtt fullnustuúrræði í formi rafræns eftirlits auk þess sem samfélagsþjónusta verði aukin en þessar ráðstafanir kalli á fjölgun stöðugilda við stofnunina. Þá séeinnig unnið að gerð þarfagreiningar vegna byggingar nýs fangelsis og sé forstjórinn fulltrúi í byggingahópi innanríkisráðuneytisins og í fullnustunefnd vegna endurskoðunar lagaumhverfis sem stofnunin vinni eftir.

Með bréfum dagsettum 16. mars 2011 gaf kjararáð fjármálaráðuneyti og innanríkisráðuneyti, kost á að leggja fram greinargerðir vegna erindis forstjórans, sbr. 6. gr. laga um kjararáð.

Fjármálaráðuneyti sendi kjararáði bréf dagsett 31. mars 2011. Í bréfinu sagði að fjármálaráðuneytinu væri ekki kunnugt um á hvern hátt starfsemi Fangelsismálastofnunar hefði breyst eða aukist frá því kjararáð úrskurðaði síðast um laun forstjórans að öðru leyti en því sem fram kemur í bréfi hans. Í svari innanríkisráðuneytisins dagsettu 27. apríl 2011 eru upplýsingarnar sem fram koma í bréfi forstjórans staðfestar og þess getið að umfang málaflokksins sem undir Fangelsismálastofnun heyri hafi því miður aukist á undanförunum árum.

III.

Fangelsismálastofnun er með lögum nr. 49/2005 falið það hlutverk að sjá um fullnustu refsinga og önnur verkefni í samræmi við ákvæði sem fram koma í lögum og reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim. Þá hefur Fangelsismálastofnun umsjón með rekstri fangelsa samkvæmt lögum, en fangelsi eru nú sjö talsins á landinu. Forstjóri fangelsismálastofnunar

er skipaður af ráðherra til fimm ára í senn. Forstjórinn skal vera lögfræðingur. Hann ræður aðra starfsmenn stofnunarinnar.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Kjararáð hefur ekki áður tekið ákvörðun um laun forstjóra Fangelsismálastofnunar, en kjaranefnd ákvað honum laun 1. nóvember 2005. Frá þeim tíma hafa laun hans tekið breytingum í samræmi við almennar ákvarðanir kjaranefndar og kjararáðs. Kjararáð fellst á að breytingar hafi orðið á starfi forstjóra Fangelsismálastofnunar síðan honum voru síðast ákvörðuð laun og skuli þær leiða til fjölgunar mánaðarlegra eininga.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun forstjóra Fangelsismálastofnunar skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. júní 2011 skulu mánaðarlaun forstjóra Fangelsismálastofnunar vera samkvæmt launaflokki 502-135, nú 682.032 krónur. Að auki skal greiða honum 16 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-126, nú 5.058 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forstjóra Fangelsismálastofnunar gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

Svanhildur Kaaber

Hulda Árnadóttir

Jónas Þór Guðmundsson